

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Waldorfleikskólinn Sólstafir

Sóltún 6

Starfsáætlun 2018 – 2019



Efnisyfirlit

Leiðarljós og hlutverk leikskólans.....	bls 3
Stutt greinagerð leikskólastjóra	bls 5
Um innra mat í leikskólanum.....	bls 7
Greinagerð deildarstjóra leikskóladeilda.....	bls 7
Ytra mat.....	bls 15
Stutt greinagerð sérkennslustjóra um starf síðasta árs.....	bls 16
Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	bls 17
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	bls 20
Foreldrasamvinna.....	bls 21
Samstarf leik og grunnskóla.....	bls 22
Skipulagsdagar og fylgigögn.....	bls 23

Leiðarljós og hlutverk leikskólans

Waldorfleikskólinn Sólstafir starfar eftir uppeldis og kennslufræðum Rudolf Steiners, svokölluð Waldorfskólafélag.


Leiðarljós uppeldisstarfsins er að skapa þær aðstæður að kraftar barnsins fái að blómstra og barnið fái að njóta sín í leik og starfi.

„Það læra börn sem fyrir þeim er haft“ segir íslenskur málsháttur. Í leikskólanum vinna uppældur að ákveðnum hagnýtum störfum sem nauðsynleg eru í daglegu lífi.

Grunnþættir uppeldisins eru hrynjandi, frjáls leikur, ímyndunarafl, sköpun og fyrirmyndir fullorðinna.

Að sjá og upplifa fullorðið fólk við að vinna gefur barninu styrk og innblástur í leikinn. Sérstaða Waldorfskólans er rækt hans við nemendur. Þeir fá að alast upp sem frjálsir skapandi einstaklingar með háan samfélagslegan þroska sem byggir á þeirra eigin siðferðislega og vitsmunalega gildismati og gagnrýnni hugsun. Markmiðið er að þeir öðlist frjálsan huga og fjölbreytta þekkingu á lífinu, verði jákvæðir, bjartsýnir og skapandi einstaklingar með mikla félagsfærni og hafi vilja til góðra verka.

Leikskólinn fylgir sterkri hrynjandi í gegnum daginn, vikuna og árstíðina og starfið mótast af því.



Í hlýju og kærleiksríku umhverfi er lagður grunnur að góðum mannlegum samskiptum og þeirri virðingu sem barnið hefur rétt á.

Starfið byggir á styrku samstarfi við foreldra. Þess vegna er lögð er mikið áhersla á góð tengsl á milli heimilis og leikskóla –með samvinnu veitum við börnum okkar meira öryggi og betra atlæti.

Tilgangi og markmiði Waldorfleikskólans má lýsa á eftirfarandi hátt:

°Að veita nemendum sínum góða alhliða menntun.

°Að hlúa að heilbrigðum þroska hjá hverjum nemanda.

°Að gera hverjum og einum kleift að finna og nýta hæfileika sína.

°Að hjálpa nemendum að þróa þá færni sem þeir þurfa til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.

°Að gefa foreldrum val um uppeldisstefnu í samhljómi við þeirra lífssýn.

°Að gera kennurum kleift að starfa í skóla þar sem raunverulega er mögulegt að veita nemendum það sem þeir þurfa sem einstaklingar og að finna að gildi þeirra samræmast gildum skólans.

Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Við tókum stórt skref í leikskólaþróun á liðnu ári. Framtíðaáætlun að opna leikskóla sem er staðsettur á sama stað og Waldorfgrunnskólinn okkar, í Sóltúni 6, hefur nú loksins ræst eftir margra ára bið.

Við lítum til baka á mjög skemmtilegt og skapandi ár sem var líka krefjandi og lærdómsríkt. Við fluttum bara inn í annan helminginn af nýja húsinu og hinn var nýttur sem kennslustofur fyrir grunnskólann okkar. Í framtíðinni (vonandi eftir 3 til 4 ár) munum við vera búin að ljúka að byggja nýja einingu af skólabyggingunni fyrir grunnskólann og þá getum við líka flutt leikskólann okkar frá Marargötu inn í hinn helminginn af leikskólabyggingunni í Sóltúni.

Áætlunin að flytja með Waldorfleikskólann okkar frá Grundarstíg í Sóltúnið átti að eiga sér stað í júní 2017 en var frestað til loka ágúst vegna lokaframkvæmda við nýja húsið sem fóru aðeins fram yfir áætlun.

Þessi frestur gerði leikskólavinnuna erfiðrari því stefnt hafði verið að því að flytja í sumarfríinu og hafa allt tilbúið fyrir aðlögun og nýja barnahópa í ágúst.

Því var byrjað með aðlögun á gamla staðnum á Grundarstíg í ágúst og flutt nokkrum vikum seinna í nýja leikskólann. Þessi tími var mjög spennandi og krefjandi fyrir börnin, foreldra og starfsfólkið sem þurftu að ganga í gegnum frekari aðlögun og margar breytingar tengdar nýja húsnæðinu. Við gerðum okkur ekki alveg grein fyrir hvað mikið það mundi taka á að flytja, breyta barnahópum og finna okkur saman í stærri starfmannahópum á hverri deild. En starfsfólkið mætti þessum nýju kringumstæðum með jákvæði og með tímanum náðum við vel að aðlagast og erum mjög ánægð að hafa flutt í þessa dásamlegu nýju byggingu sem býður upp á svo marga möguleika.

Stærsta breytingin var að sameina þrjár barnardeildir í tvær deildir. Á Grundarstígnum voru börnin 1,5 -3 ára, 3 -4 ára og 4 – 6 ára saman á deild. Núna er yngri barnadeildin „Bjartaland“ með börnin frá eins og hálfs árs aldri upp í þriggja ára og á eldri deildinni „Stjörnulofti“ eru börnin frá þriggja ára til sex ára. Barnahópanir eru stærri og fleiri starfsmenn vinna saman á deild. Þessar breytingar kölluðu eftir miklu nýju skipulagi á mörgum svæðum.

Aukalega vorum og erum við mikið að vinna í því að samræma starfið okkur við grunnskólann sem þegar er í Sóltúni. Til dæmis var matseðllinn aðlagður skólamatseðlinum, dagarnir fyrir

vinnustundirnar breyttust og við skipulögðum mikið meiri samvinnu, ferðir og hátíðir ásamt grunnskólanum okkar.

Á liðnu leikskólaári höfum við líka mikið unnið með hugmyndir tengdar stóru leikskólalóðinni (það sést líka í umbótaáætlun) – í útímanum unnum við með börnunum í blómabeðum, grænmetisgarðinum, gróðursettum fleiri tré, löguðum stéttina og bjuggum til sandkassa.

Foreldrarir tóku af miklum áhuga þátt í þessari skapandi vinnu. – Að finna hugmyndir og að framkvæma - eitt foreldri smíðaði lítinn kofa fyrir okkur, á vinnudaginn var lögð hönd á plóg að vinna innanhúss og í garðinum. Auk þess var smíðaður pallur fyrir utan húsið sem mun vera notaður fyrir barnavagna.

Við erum þakklát fyrir þessa góðu nýju byrjun í Sóltúni og hlökkum til að halda áfram að þróast og þroskast áfram sem einn staður fyrir leikskóla og skólabörn – með öllum þeim verkefnum sem bíða okkar.

2 deildir eru á leikskólanum:

- Á yngstu deildinni Bjartalund eru 13 börn á aldrinum 18 mánaða til 2,5 ára.
- Á elstu deildinni Stjörnuloft eru 22 börn á aldrinum þriggja til sex ára.

Á leikskólanum er fjölbreyttur hópur barna frá ýmsum þjóðlöndum - 6 börn eru tvítyngt og foreldrar 8 barna eru bæði erlend.

Starfsmannahópurinn samanstendur af:

- Á yngri deildinni Bjartalandi starfa 3 starfsmenn: Einn leikskólakennari, einn grunnskólakennari og einn leiðbeinandi.
- Á eldri deildinni Stjörnulofti starfa 6 starfsmenn: Einn waldorf leikskólakennari, einn leikskólakennari, 1 fagmenntaður starfsmaður, 1 stuðningsfulltrúi , einn leiðbeinandi og einn starfsmaður sem kemur 3 x í viku eftir hádegi.
- Í eldhúsi starfar einn starfsmaður.

3 karlmenn og 7 konur starfa á leikskólanum.

Um innra mat í leikskólanum

Lýðræðisleg vinnubrögðin okkar eru í forgrunni við innra mat á leikskólanum eins og kemur fram í aðalnámskrá leikskóla okkars.

Við tökum tillit til sjónarmiða allra þeirra sem að starfinu koma; leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna.

Starfið er skipulagt og framkvæmdin svo metin á starfsmannafundum sem eru hálfsmánaðarlega, stjórnarfundum sem eru vikulega og foreldrafundum og foreldraviðtölum sem eru þrisvar á ári.

Á starfsmannafundum er farið yfir hið daglega starf og viðburði sem nemendur taka þátt í. Skipulag, endurmat, umbótaáætlanir, starfsmannamál og allar áætlanir og framkvæmdir sem snúa að leikskólanum eru teknar fyrir.

Við leggjum áherslu að rödd allra fái að heyrast á þessum fundum, við byrjum fundinn á að lesa falleg vers eftir Rudolf Steiner og ræðum þroska og framfarir einstaka nemenda (child study) sem er ómissandi og mikilvægur hluti af okkar daglega starfi innan waldorfleikskólastefnunnar. Eftir það förum við gjarnan hringinn og hver og einn segir frá upplifun sinni og líðan í húsinu, þetta er sérstaklega mikilvægt í upphafi skólaárs þegar nýtt fólk, börn og starfsfólk er í húsinu, nýtt skipulag og allir að stilla sig saman fyrir komandi vetur. Eftir það eru teknir punktar til umræðu og svo er farið yfir þá. Fundurinn tekur tvær klukkustundir.

Innra mat og vinna umbótaáætlana fer fram reglulega á fundunum yfir árið.

Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári

Stjörnuloft og Bjartaland:

Á liðnu leikskólaári gengum við í gegnum stórar breytingar.

Í ágúst byrjum við með nýjan barnahóp og nýja starfsmenn – vorum að byggja upp hrynjanda og byrjuðum að pakka og skipuleggja flutning sem átti sér svo stað í lok ágúst.

Við hlökkuum mikið til að flytja loksins, en þetta tímabil var svolítið krefjandi og mikil vinna og því miður höfðum við ekki nógan tíma til að leiðbeina nýja starfsfólkinu nógu vel.

Flutningurinn gekk vel og mjög hratt á einni helgi, starfsfólkið, skólastarfsmönnum og foreldrum að pakka.

Það var svo mjög gaman og spennandi að innrétta deildir alveg frá grunni, skoða, plana og framkvæma hrynjandann okkar í nýja húsnæðinu. En það tók tíma að aðlagast – fyrir börnin að byrja á vissan hátt í aðlögun á nýjum leikskóla og fyrir okkur starfsfólkið að finna nýtt skipulag á deildum með fleiri börn, í samvinnu milli fleiri starfmanna á deildinni og í nýjum rýmum. Haldnir voru margir aukafundir til að skipuleggja, skoða og endurskoða vinnuna okkar. Auk þess voru mikil starfmannaveikindi mánuðina eftir flutninginn og fleiri starfsmannbreytingar sem þýddi auka álag í vinnunni. En með tímanum varð allt mikli rólegra, nýja rútinan byrjaði að virka, starfsfólkið fann sig betur saman í samstarfi við hvort annað á deild og líka í samstarfið við skólakennarana og við „lentum“ í Sóltúni. Samt er þetta enn endalaust verkefni hjá okkur.

Stjörnuloft

Stærstu breytingar voru að flytja í nýja húsnæðið á deild sem við þurftum að innrétta eftir þörfum okkar. Í barnahópum voru tvær deildir sameinaðar í eina.

Við unnum mikið í að endurskoða og breyta rútínu og deila hlutverkum dagsins milli starfsfólks.

Eitt stórt verkefni var að vinna í árstiðarskreytingum sem eru stór hluti af árstiðahrynjandi Waldorfleikskólans. Einn starfsmaður smíðaði árstiðarborð og börnin hjálpuðu að pússa það.



Og svo kom eitt barn með stóra árstiðargrein sem var hengd upp og skreytt eftir árstiðum með fallegu skrauti (t.d. piparkökur um jólin, snjór á veturnar og fiðrildi /álfum á sumrin)

Umbótaþættir Stjörnuloft innra mat frá síðasta starfsári (2017-2018) :

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum	Hvenær hefst og	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota?
Innra rými	Innrétta fallett rými sem ýtir undir alhliða leik	við það? Safna hugmyndum, prófa leiktæki	hvenær lokið? Sept. 2018 – enn gangandi	Hélène, Kerstin	Ábyrgðaraðilar safna „glósum“ og vinna úr þeim á starfsm.fundum
Smíða árstíðarborð	Skapa árstíðarborð sem fellur inn í anda rýmisins	Sækja efnivið, hanna form sem fellur inni rýmið og praktískt	Jan./febr. 2018	Gísli, Hélène, Kerstin	Í lok verkefnisins feb. Er árstíðarborðið í jafnvægi, fallett, praktískt

Annað stórt verkefni var garðurinn .

Markmið og umbótastarf í garðinum tók mið til að byrja með að grófri hugmyndavinnu og samvinnu. Um haustið voru foreldrar fengnir til að hjálpa við að flytja bestu nytjahluti garðsins yfir í Sóltún og tóku svo þátt í að gróðursetja og í jarðvegsvinnu á nýju leikskólalóðinni. Í janúar hófust svo drög að hugmyndum hvernig best væri að virkja sem flest svæði í garðinum sem myndu samtvinna skólastarf og hugmyndafræði Waldorf. Til að byrja með var unnið að því safna efnivið eins og steinum, rekavið og fá foreldra og aðra til að hafa okkur í huga þegar væri verið að saga tré í garðinum eða hefðu auka efni til aflögu. Það var svo um miðjan mars að móta fór fyrir fyrstu þrautabrautinni þar sem fundnir rekaviðadrumbur í bland við steina og stór trédrumbur fengu sinn stað sem þrautabraut fyrir krakkana. Krakkarnir tóku fullan þátt í gerð og mótun og þrautabrautarinnar. Jafnt og þétt með hlýnandi jörðu uxu verkefninn í garðinum og flutningur trjáa af skólalóðinni inná leikskólalóð stóðu uppúr í byrjun apríl sem mörkuðu upphaf starfsins um vorið. Þá var jarðvegur sem fékkst úr því að moka fyrir tréin notaður til að búa til lífrænan bát á öðrum stað á lóðinni. Síðan tóku við fleiri dagar

að koma lóðinni í rækt með til að mynda trjám og matjurtagarði. Tréin eru mótuð til að mynda meira skjól og búa til fleiri sælureiti á lóðinni. Við einn þannig reit var smíðuð brú sem einnig virkar sem bekkur. Loks kom að vinnudegi foreldra í lok maí og þá hjálpuðu foreldra við að steypa drumba fyrir klifurgrind / skýli og gera styrkingar fyrir öll tréin. Í byrjun júní var svo hafist handa við að gera sólpall við austurenda leikskólans og steypa fyrir burði til að lyfta sandkassa upp og helluleggja í kring, þau verkefni eru enn í vinnslu við þessi skrif. Í grófum dráttum hafa garðverkefni tekist vel og vakið lukku barna og starfsfólks. Tekist var á við verkefnin með það að leiðarljósi að þau geti breyst og mótast með tímanum og þróast í hinar og þessar áttir með starfsfólki og leikskólabörnum. Þannig hafa starfsfólk og börn alltaf eitthvað fyrir stafni í garðverkum og geta unnið saman í moldinni og að stærri verkefnum.



Garðurinn : Helstu niðurstöður umbótaþátta innra mats frá síðasta starfsári (2017-2018).

Umbóta-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Leiktæki	Að hverju er stefin ? Búa til fleiri möguleika fyrir krakkana að leika sér og starfa	Hvernig framkvæmum við það? Söfnum efni og búum til þrautabraut, klifurgrind og brú úr fundu og gefins efni.	Hvenær hefst og hvenær lokið? mars til júní 2018	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? Gísli Hrafn Aðstoðar: Helene, Þóra og Emil	Hvaða aðferðir á að nota? Lífræn efni notuð og fundið þeim annað notagildi og tilgang	Viðmið er gæðalýsing Leiktæki hafa tekist vel til og virkjað stóru og litlu krakkana til að takast á við nýjar áskoranir
Trjárækt og matjurtargarður.	Stefnt var að koma allri lóðinni í meiri rækt	Gróðursetja tré út um alla lóð og búa til góðan matjurtargarð.	apríl til júní 2018	Gísli Hrafn Aðstoðarfólk: Helene Rut, Þóra og Emil	Tré voru færð af skólalóð á leikskólalóð og gróðursett sem og tré sem leikskólinn fékk gefins.	Ræktun trjáa og matjurta hefur gengið vonum fram og er garðurinn nú þegar kominn í betri rækt heldur enn vonast var eftir
Sólpallur	Að gera sólpall sem skapar eins konar brú á milli innisvæðis og útisvæðis	Smíðum pall	júní 2018	Gunnar Aðstoðar: Henriette, Gísli Hrafn	Smíður leiddi verkefnið með hjálp frá starfsfólks, 1 foreldri	Verkefnið virkjar vel svæðið milli útiveru og inniveru.
Búa til skjól	Gróðursetja og búa til skjól/kofa	Partur af klifurgrind notaður sem skjól og tré gróðursett með það að	apríl – óktóber 2018	Gísli Hrafn Helene, Þóra og Emil, foreldrar	Virkja efni sem við höfum aðgang að í að búa til skjól með	Viðmið eru enn í vinnslu og framkvæmd.

		leiðarljósi að veita skjól			með trjám og byggðum strúktúrum.	
--	--	----------------------------	--	--	----------------------------------	--

Umbótaþættir í leikskólastarfinu sem á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018- 2019

Umbóta-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Starfsmannafundir	Að hverju er stefnt? Meiri gæði í starfi , betra skipulag	Hvernig framkvæmum við það? Deild ábyrð milli starfsfólks á fundunum, 1,5 kl. Allir saman, svo skipt í deildarfund	Hvenær hefst og hvenær lokið? Byrjun ágúst 2018 – júní 2019	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? Allir, skiptast á fundarstjóri, hver starfsmaður kynnir eina árstíð/vinnu tengt því	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) Árstíðarmöppur, endurmat á vinnuferli funda 2var á önn. Starfsmannaviðtöl	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Betra samstarf , uppeldisfræðin skýrari í starfinu Starfsfólk þekkir ferla og skólastefnuna
Barnahópar/ dagskipulag	Deila barnahópum í dagsrúttinu-minni barnahópar	Deila stjórnulofsborn meira í aldurshópum	Júní 2018– júní 2019	Hélène, Kerstin, Emil	Fundir, hugmyndasafn , innra mat á gæðum starfs	Meiri ánægja barna og starfsmanna í hópum.
Fjölmennig	Fleiri söngvar á pólsku, spænsku	foreldrasamvinna	Ágúst 2018 - júní 2019	Hélène, Anna Sóley	Fundir foreldraviðtöl	Meiri gleði/skilningur í fjölmenningu skólans
Betri samskipti milli skólans, leikskólans og eldhúss	Betra skipulag betra upplýsingarflæði	Fleiri sameiginlega fundir	Sept. 2018-mai 2019	Helga, Snorri, Hélène, Kerstin, Marteinn, Elin, Mads	Starfsmannfundir, Stjórnarfundir	Skráðir samskiptaferlar sem virka vel
Aðgengi að sandkassa	Lyfta sandkassanum upp og helluleggja utan um	Steypum sökkla, Smíðum svo sandkassan og	Júní – október 2018	Gísli Hrafn	Keypt efni: Staurar, steypa og trjáefni, Jarðvinna, smíðavinna	Að aðgengi að sandkassa sé betra og öruggara

Bjartaland

Leikskólaárið 2017-2018 bar margar breytingar með sér fyrir yngri deildina Bjartaland.

Eftir flutninginn breyttist aldur barnanna á deildinni okkur frá eins og hálfs árs til tveggja og hálfs og þriggja ára.

Við ákvörðum að byrja bara með 10 börn í aðlögun í ágúst til að léttu undir „flutningsálagi“ . Aukalega tóku tveir foreldrar ákvörðun um að fresta aðlögun frá ágúst fram í september eftir flutninginn. Aðlögun nýju barnanna gekk vel og þau aðlöguðust létt í leikskólarútínuna áður en við fluttum. Auk þess stóðu þau sig ákaflega vel að aðlagast nýja húsnæðinu eftir flutninginn– börnin voru mjög ánægð frá byrjun og nutu stóra útisvæðisins með mikilli gleði.

Í heildina gekk aðlögun mjög vel miðað við hvað aðstæður voru erfiðar.

Í byrjun þurftum við að finna út hvernig hægt væri að aðlagast hrynjandinni okkar í nýja umhverfinu.

Húsið var enn tóm og án húsgagna og við þurftum að innrétta deildina/ húsið allt frá grunni eins og við vildum og við erum enn að vinna í því .

Við unnum til dæmis í þessum verkefnum:

- Að lækka vatnskрана á hæð barnana.
- Að laga / stækka skiptiborðið sem var smíðað of mjótt.
- Að búa til skipulag fyrir geymslurými í hvíldaherberginu
- Að lækka matarborðið
- Búa til nýjar árstiðarskreytingar



Nokkrum vikum eftir flutninginn kviknaði næstum því húsinu að næturlagi- sem betur fer voru bara reykskemmdir en loka þurfti leikskólanum í nokkra daga til að ræsta húsnæðið.

Í desember varð næsta stór breytingin á deildinni okkar þegar deildastjórinn sem hafði unnið í mörg ár hjá okkur þurfti að fara í veikindaleyfi og nýr starfsmaður bættist inn í hópinn.

Í janúar bættust svo 2 börn í barnahópinn og gekk það mjög vel.

Helstu umbótaþættir aðstöðubætingar frá síðasta starfsári (2017-2018) :

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lækka borð og stóla fyrir börn	Lækka borð svo það sé auðveldara fyrir börn að setjast	Stytta fæturnar á borðunum/ lækka setuplötunar á stólum	Ágúst 2017 - Lokið Flutninga dagur	Guðrún / Einar	Meta árangur á starfsmannaf undum.skrá ferli breytinga	Viðkomandi aldur situr af öryggi og þægilega við borð á deild.

Lækka barnavaska inn á baðherbergi	Að vaskar séu í hæð fyrir yngribörnin til að þvo hendurnar auðveldlega	Panta tíma hjá pípara sem kom og lagaði það	Byrjun sept. 2017 – lok sept.	Guðrún og Snorri	Meta árangur á starfsmannafundum. Skrá ferli breytinga	Vaskanir í réttri vinnu hæð fyrir þennan aldurshóp
Lengja skiptiborð svo börnin komist vel fyrir	Skiptiborðið sé nægilega langt fyrir börnin	Mældum stærð tveggja ára barna, keypt var tréplata, smíðað og pússað	Byrjun sept. 2017	Guðrún og Þorsteinn	Skrá ferli breytinga	Börnin liggja vel studd og þægilega á skiptiborði, einnig öruggara

3.Ytra mat

Rekstrareiningar Sólstafa eru þrjár, tveir leikskólar (í Sól túni og Marargötu) og grunnskóli (í Sól túni) . Stjórnin, sem kemur að hluta að ytra mati hverrar einingar, samanstendur af tveimur fulltrúum frá hverri einingu.

Á stjórnarfundum eru teknar ákvarðanir um sameiginleg mál, atburðir og starfshættir eru endurmetnir.

Þeir aðilar sem taka þátt í ytra matinu eru einnig: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Vinnueftirlit ríkisins, Þjónustumiðstöð miðborgar og Hlíða.

Á liðni árið fluttir leikskólinn af Grundarstíg 19, húsið sem byggt var 1906, í nýbyggingu sérhannaða fyrir leikskólastarfsemi. Nýtt húsnæði Waldorfleikskólans Sólstafa var tekið út af heilbrigðiseftirliti án athugasemda.

Vinnueftirlit bað um nýtt áhættumat og er það í vinnslu . Áætluð verklok eru í ágúst.

Eldvarnareftirlit tók út nýtt húsnæði án athugasemda.

Skoðunarskýsla öryggismiðstöðvar var líka án athugasemda.

Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starf síðasta árs

Á Sólstöfum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt í gegnum sögur, ljóð, rým, söngtexta, leik og samræður. Ávallt er unnið með sama textann í sögum og söng í eina til tvær vikur. Valin eru fjögur til fimm lög sem sungin eru daglega í morgunhring og einnig í söngstund fyrir hádegismatinn. Fer það eftir aldri barnanna og hveru krefjandi textinn er hverslu lengi er unnið með hann.

Á elstu deildinni byrja allir dagar á morgunhring. Hann byrjar alla daga á sama tíma og flæði hans er alltaf það sama. Fyrst er sungið vers bæði á íslensku og ensku. Börnin telja hversu margir eru mættir, sungin full nöfn barna og starfsfólks sem eru í hringnum. Lög vikunnar sem tengjast ávallt viðkomandi árstíð eru sungin og farið með morgunvers.

Eftir hádegismat er sögustund. Sagan tengist einnig viðkomandi árstíð. Börnunum er skipt niður í tvo aldurskipta hópa. Mest er unnið með þjóðsögur og ævintýri. Kennarar segja börnunum söguna og nota leikbrúður sér til hjálpar. Fer það eftir aldri barnanna hversu ríkulegur orðaforði er notaður. Börnin okkar eru áhugasöm um merkingu orða og spyrja töluvert út í hana. Í lok vikunnar þegar börnin hafa lært söguna er ýmist sett upp leikrit eða þau eru sögumenn. Nota börnin þá iðulega þann orðaforða sem sagan byggir á.

Endurtekningin ýtir undir eflingu orðaforða barnanna.

Í þeim tilfellum sem kennarar hafa haft áhyggjur af málþroska barna hefur verið haft samband við þjónustumiðstöð Miðbæjar og Hlíða og leytað ráða hjá þeim. Málþroska prófanir hafa ekki farið fram á þeim tveimur börnum sem við höfum haft áhyggjur af, þar sem foreldrar vildu ekki þiggja þjónustuna. Kennarar hafa unnið markvisst með þau börn, ýmist einstaklingslega eða í hóp. Notast kennarar t.d. við spil sem byggja eflingu orðaforða, lesturs og samræðna og leiðbeininga í frjálsum leik.

Leikskólinn hefur einnig leitað til þjónustumiðstöðvar vegna hegðunarfrávika nemenda. Við eigum í mjög góðri samvinnu við þá vegna þess.

Hvað umbótapætti innra starfs á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota?	Viðmið er gæðalýsing og / eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auka tímamagn og skipulag í sérkennslu	Notfæra sér velskipulagðan og hentugan tíma fyrir sérkennslu sem fellur vel inni almennt dagsskipulag á leikskólanum	Prófum að hafa sérkennslustund á mismunandi tímum dags og vikunnar. Skrá hjá sér og þannig finna hvað hentar best.	Byrjun ágúst til september 2018	Helene	Skrá niður (observation)	Hentugur tími sem er ávallt vel undirbúinn er fundinn og nýtist vel
Bæta meðvitund starfsfólks um sérþarfir hvers og eins barns	Að allir starfsmenn hafi meðvitund, yfirsýn og regluleg samskipti um sérþarfir hvers og eins barns og geti þar með betur unnið út frá þeim.	Tileinnkum 30 mín á dag í skipulagðar umræður um málefnið sem tekur útgangspunkt í viðeigandi greinum osv. Allir starfsmenn skila inn athugunnar sögum sem snúa að málefninu og ein saga verður lesin og rædd á fundum	Allt árið	Allir starfsmenn (Deilda rstjórar yfirsýn)	Könnun	Ef allir starfsmenn telja sig vel upplýsta og meðvitaða um sérþarfir hvers og eins barns og vinna eftir því þá er markmiði náð.

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Á leikskólanum eru samtals 34 börn – 13 börn eru af erlendum uppruna.

Hvernig er unnið með fjölmennningarlegt leikskólastarf?

Fjölmennningarleg kennsla hjá okkur leggur meiri áherslu á fjölbreytileikann almennt, fremur en að gera ólíka uppruna að sérstöku viðfangsefni. Þegar börnum er kennt að menningarlegur fjölbreytileiki er eðlilegur hluti samfélagsins og að hann kemur ekki í veg fyrir jákvæð og uppbyggjandi samskipti læra þau að takast á við fjölbreytileikann almennt og skilja hann. Við notumst við marga leiki og æfingar til að æfa félagslega- og fjölmennningarlega færni barnana og stuðjumst okkur mikið við bókina *Allir geta eitthvað, enginn getur allt. Fjölmennningarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla* eftir Guðrúnu Pétursdóttur.

Í vinnuaðferðum okkar á leikskólanum einblínum við á það að nota aðferðir sem henta öllum og setjum oft upp hópavinnu eins og að byggja hús sem eru sett upp þannig að börnin verði að eiga í samskiptum við hvort annað, læra að hlusta og tala við hvort annað.

Við búum til sögur sem við vinnum í samstarfi við foreldra um það hvernig heimamenning ríkir hjá hverju barni. Einnig vinnum við með persónubrúður en þær er einnig leið til að vinna með menningu allra barna. Þær eru í raun tæki til að segja sögu, kennarar útbúa ákveðna persónu sem breytist ekki út frá hverri brúðu og nota þær svo í starfi. Brúðurnar sýna börnunum hvað sé líkt og ólíkt með þeim og að það geti verið gott að vera öðruvísi. Þær geta kennt börnunum að taka tillit, kosti þess að sýna tilfinningar og margt fleira.

Á leikskólanum notumst við við margar leiðir eru til þess að vinna með menningu barnanna, við lesum bækur frá þeirra heimamenningu, segjum sögur frá þeirra menningu, skoðum myndir frá hinum ýmsu löndum og syngjum og hlustum á fjölbreytta tónlist á fjölbreyttum tungumálum.

Einnig leggjum við áhersu á menningarnæma starfshætti. Að allir starfsmenn hafi menningarnæmi í samskiptum, umhyggju og þá hæfni að geta sett sig í spor annarra. Að allir starfsmenn viti hversu mikilvægt það væri að átta sig á stöðu foreldra og barna en eina leiðin til að tryggja jafnræði og velgengni allra væri að koma til móts við hvern og einn. Áhersla er lögð á að hafa samskipti við alla foreldra við upphaf og lok leikskóladagsins, veita upplýsingar á fjölbreyttum tungumálum og nýta fésbókarsíðu til samskipta. Skapa aðstæður í leikskólanum þar sem foreldrar fá að hittast og eiga samskipti.

Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál?

Í leikskólanum nýta allir starfsmenn þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund barnanna. Að starfsfólk noti ríkan orðaforða og að það sé umhverfi þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið almennt.

Þemastarf er notað til þess að dýpka orðaforða barna, þá setjum við upp kringumstæður þar sem heimaorðaforði og þemaskildur orðaforði er notaður. Lög og ljóð eru sungin og sögð sem tengjast þemanu sem og bækur og annað er notað. Eftir hvert þema er safnað saman athugunum frá starfsmönnum og skráður niður árangur hópsins.

- Starfsmenn læra nokkur orð á móðumáli barnsins eða læra að syngja lög á tungumáli þess og nota í leikskólanum.

Notaðar eru tvítyngisbækur, eða myndrænar samskiptabækur, sérstaklega í aðlögun, þar sem settar eru myndir af barninu og viðfangsefnum þess í leikskólanum og skrifað undir á íslensku hvað verið er að gera. Foreldrar skrifa einnig í bækurnar, en á móðurmálinu. Sumir foreldrar setja líka myndir að heiman inn í sömu bækur.

- Rætt er um mál og læsi barnanna, hlutverk foreldra og hlutverk leikskólans í foreldraviðtölum. Í fyrsta viðtali við foreldra er markvisst talað um mikilvægi móðurmálsins og þess að barnið nái góðum tókum á íslensku.

Foreldrar fá upplýsingar um þau orð eða það þemastarf sem verið er að vinna í leikskólanum þannig að þeir geti unnið með sömu eða sams konar orð á móðurmálinu.

Fræðsla um málþroska og læsi á foreldrafundum.

Börn sem tala sama móðurmál fá tækifæri til þess að tala saman á móðurmáli sínu um leið og lögð er áhersla á að þau tengist einnig vel barnahópnum í heild.

Myndrænt umhverfi og táknið með tali notað til að auðvelda börnum sem eru byrjendur í leikskólanum að vera virkir þátttakendur frá upphafi.

Hvernig er samskiptum við foreldra háttað ?

Í umsóknaferli kemur fólkið í heimsókn að skoða leikskólann, fá upplýsingar um stefnu hans, foreldra vinnu og árstíðarhrynjandina. Þau fá bækling leikskólans að taka heim eða sendan í tölvupósti.

Þegar plássið er samþykkt koma foreldrarnir með barnið í heimsókn til að skrifa undir dvalarsamning.

Í þessu persónulega viðtali eru gefnar upplýsingar um dagsrúttina leikskólans og aðlögunartíma og öllum spurningum svarað. Þetta viðtal getur farið fram á íslensku, ensku, þýsku, dönsku eða frönsku.

Við erum í mjög nánu samstarfi við foreldra og fá þau dagsdaglega upplýsingar um líðan barnsins.

Hægt er að panta viðtalstíma hvernær sem er og mánaðarlega er sent út fréttabréf með upplýsingum um söngva, leikskólalífið, breytingar, vettvangsferðir og aðrar mikilvægar upplýsingar. –

Þetta fréttabréf er á íslensku og ensku. Svo erum við líka með virka lokaða facebooksiðu og sendum myndir af leikskólalífinu í tölvupósti.

Í tengslum við mál og læsi, nám og þroska, vinnum við mjög einstaklingsbundið og vinnum í samstarfi við foreldra, Talmeinastöð Rvk. og Þjónustumiðstöð.

Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á liðnu ári voru margir aukalegir fundir með starfsfólki og stjórn leikskólans og skólans til að skipuleggja og tala um vinnuna, dagshrynjandi, starfsmannahald og líðan starfsmanna í nýja húsnæðinu.

Starfsmannviðtöl fóru fram í júní og munum við áfram vinna með líðan starfsmanna og betri samvinnu á starfsmannafundum.

Fræðsla fyrir alla starfsmenn

Allt starfsfólkið okkar úr leikskólanum í Sóltúni og á Marargötu og úr skólanum tóku þátt í fræðslu eins og kemur hér fram :

Desember

Dr.Pablo Jecsmien er antrópósófískur geðlæknir. Hann hélt fyrirlestur í grunnskólanum um þroskaferli barnsins út frá hugmyndafræði mannspekinnar.

Janúar

“Barndom” heimildarmynd um hvernig börn leika sér á sínum eigin forsendum. Í myndinni var fylgst með börnum í Aurora, þýskum Waldorfleikskóla. Myndin var sýnd í Norræna húsinu.

Febrúar

Martin Haferkamp þýskur waldorf leikskólakennari var með kynningu á útileikskóla sem hann starfaði á í Þýskalandi.

Mars

Tomas Henckel Johansen skólalæknir Sólstaða. Hann er cand. Med og hefur sérhæft sig í antróposofískum lækningum. Tomas hefur unnið með Waldorfskólum og innan waldorfgeirans sem ráðgjafi. Hann hélt fyrirlestur um jákvæð og neikvæð áhrif á barnæsku í nútíma þjóðfélagi. –Hvert sé framlag Waldorf uppeldisfræðinnar til dýpri skilnings á “listinni” að þroskast. (Positive and negative influences on childhood in modern society - how can Waldorf pedagogic contribute to a deeper understanding of the "art" of growing up.)

Svo var haldin starfsdagur með honum þar sem hann vann með starfsfólki úr leikskólanum um nútíma uppeldisspurningar og foreldransamstarf tengt því.

Apríl

Sænski Waldorfkennarinn Marja Ros- Pehrson hélt fyrirlestur fyrir starfsfólk og foreldra um þroskastig barna og tengingu þess við skólanámskrá Waldorfskólanna.

Ekki hefur enn verið gerð áætlun um símenntun starfsmanna leikskólans fyrir næsta skólaár. Mun hún verða gerð næsta haust. Ákvörðun símenntunnar verður m.a. byggð á óskum starfsmanna og þörf leikskólans.

Foreldrasamvinna

Foreldrar koma mikið við sögu í starfi leikskólans og taka þátt í ýmsu starfi með okkur og við leggjum ríka áherslu á að skapa góð tengsl milli heimilis og leikskóla og að vita sem mest um hag nemenda.

Við erum með virkt foreldraráð sem kosið er á fyrsta foreldrafundi í september og endurnýjað á foreldrarfundi í febrúar. Foreldrarnir hafa sýnt mikinn áhuga í þátttöku í leikskólastarfinu, komu með mikið af hugmyndum fyrir nýju lóðina okkar og tóku líka þátt í allskonar aukaverkefnum (smíða pallinn, gróðusetja tré...)

Foreldrafundir eru haldnir 2 x á ári, allir foreldrar sækja foreldrarfundi þar sem lögð er lína að foreldrasamstarfi. 1-2 vinnudagar á hverju starfsári.

Foreldrafélag er starfrækt sem er skipað öllum foreldrum og fulltrúa frá leikskólanum. Skipulögð foreldraviðtöl eru í febrúar en foreldrar geta þess utan pantað foreldraviðtal hvenær sem er. Foreldrar hafa ávallt greiðan aðgang að stjórnendum og kennurum skólans hvort sem er í spjall um daginn eða formleg viðtöl.

Foreldrar fá tækifæri til þess að vera í tengslum við leikskólann í gegnum ýmis störf, meðal annars hinar árstíðarbundnu hátíðir sem setja sinn svip á skólann.

Þar er helst að nefna :

September :

Uppskeruhátíð / Mikjálsmessu

Foreldrum og börnin er boðið að taka þátt í drekaleik/lífsleikniviku grunnskólabarnana í Waldorfskólanum.

September – Nóvember:

4 – 6 foreldra föndurkvöld fyrir basarinn, 1 basarföndurdagur fyrir foreldra og börn.

Nóvember :

Basar – foreldrarnir taka þátt í undirbúningi, sölu og frágangi

Luktarhátíð/ Martinsmessan: Foreldrar mætta á luktargönguna með börnin , hjálpa til í undirbúningi og sjá um „súpukvöld“ eða kakó eftir gönguna.

Desember :

Aðventuhátíð - Foreldrar taka þátt í aðventukór.

Febrúar / Mars :

Grímuball - Foreldrar sjá um undirbúning, skreytingar, frágang, mæta líka í búningum, koma með mat á hlaðborðið.

Apríl :

Páskamorgunverður á miðvikudegi fyrir páska. Foreldrar og börn borða saman á leikskólanum. Foreldrarnir taka þátt í undirbúningi og frágangi.

Maí : Vinnudagur fyrir foreldrar á laugardegi í leikskólanum. Þar sem foreldrar sameina krafta sína með starfsfólki við að framkvæma endurbætur, innan leikskólans eða utandyra. Borða saman og njóta samverunar, börn, foreldrar og starfsfólk.

Sveitaferð á bóndabæ – foreldrar aðstoða í ferðinni.

Júní : Sumarhátíð - Við höldum sameiginlega sumarhátíð – leikskólar og grunnskóli á lóð grunnskólans við Sóltún . Foreldrar koma með mat hjálpa til við uppsetningu og frágang.

Samstarf leik- og grunnskóla

Við erum með mikið samstarf milli leik og grunnskólans okkar meðal kennara, foreldra og barna. Við höfum sameiginlegar skemmtanir, t.d. sumarhátíð og jólabasar.

Nemendur úr 1-2. bekk fara með okkur í sveita og fjöruferð, elstu nemendur leikskólans taka þátt í hátíðum með grunnskólanum, fara þangað í heimsókn og á þessu árið máttu elstu börnin taka þátt í heilum skóladegi.

Kennarar vinna svo oft saman að ýmsum málefnum og sitja saman námskeið.

Eftir flutningin í Sóltún fengum við frábært tækifæri að dýpka samvinnuna milli leikskólans og skólans.

Elstu nemendur leikskólans gátu tekið virkan þátt í ýmsu með yngstu nemendum grunnskólans eins og t.d. að fara saman í vettvangsferðir. að mestu í nærumhverfi og horfa á leikrit sem skólabörnin sýndu.

Við tókum oft þátt með eldri leikskólabörnum í morgunsöng skólabarnanna og héldum kórtónleika með þeim fyrir eldri borgara í Hjúkraheimilinu Sóltúni og að þeim loknum var þeim boðin hressing.

Við fórum með 1- 2. bekk á tónleika í Hörpu, heimsóttum jólasveina í Þjóðminjasafnið og Umferðaskólinn kom í heimsókn til okkar .

Á haust mánuðum foru við með elstu börnin í grendarskóg skólans í Öskjuhlíð í Drekkaleik skólans.

Til að slá botnin í þessa upptalningu má nefna mjög vel heppnaða fjöru og sveitaferð sem farin var með 1-2. bekkjar grunnskólans í maímánuði og undir lok skólans var sameiginleg sumarhátíð.

Við höfum haft einn skipulagsdag sameiginlega með grunnskólanum í vetur og námskeið og skipulagsdag komandi vetrar verða skipulögð í samstarfi við starfsfólk.

Skipulagsdagar.

Sameiginlegur skipulagsdagur Sólstafa verður **Þriðjudaginn 7. ágúst**. Er það fyrsti dagur eftir sumarfrí. Starfsfólk mætir kl. 9:00. Byrjað verður á sameiginlegum morgunverði og starfsmannafundi. Eftir hann fer starfsfólk hvert á sína deild og vinnur þar að ýmsum verkum sem snúa að deildinni fram að hádegis.

Eftir hádegishlé eru deildarfundir. Hver deild vinnur að innra skipulagi sinnar deildar, s.s. farið verður yfir barnalistann, valdar sögur og söngvar.

Ef nýir starfsmenn hafa bæst í hópinn mun vera fræðsla fyrir þá.

Þriðjudaginn 23. október verður sameiginlegur skipulagsdagur haldinn í Sóltúni með öllum einingum Sólstafa.

Þar sem til stendur á næstu tveimur til þremur árum að allir skólarnir sameinist í Sóltúni, verður farið í vinnu um framtíðarsýn stjórnenda og starfsfólks um sameinigarferli allra eininga.

Verið er að vinna í að fá fyrirlestur sem tengist vinnunni.
Leikskóladagatal er í viðhengi .

Fylgigögn (sjá viðhengi)

a. Matsgögn:

- Árshrynjandi Innra mat
- Starfsmannviðtalsblað

b. Umsögn foreldraráðs

c. Leikskóladagatal

d. Dagatal Sólstafa

F. h. Waldorfleikskólans Sólstafa, Sóltúni 6, 105 Reykjavík

Kerstin A. María Renated. Meyer kt. 2101732269
Leikskólastjóri

22.06.2018
Dagsetning

Starfsáætlun 2017 / 2018 - Innra mat

Ágúst

Byrja starfið með nýjum hópum :

Hvað gekk vel: aðlögun á Stjörnulofti , góð stemming í starfsmannahaldi, börnin ánægð að vera elst.

Hvað gekk illa: miklar starfsmannabreytingar sköpuðu óöryggi – starfsmenn þekkja rútinuna/ aðferðir ekki vel - erfið aðlögun á Álfheimum og á Bjartaland – sum börn krefandi og mikið foreldrarvinna í tengslum við aðlögun.

Hvað má betur fara: betri samvinna um að hjálpa meira milli deilda.

Berjaferð

Umsjónamaður: Allir deildastjórar

Hvað gekk vel: %

Hvað gekk illa: ferðin féll niður vegna flut-ninganna. Gætum haft „berjadag“ í staðin.

Hvað má betur fara: byrja að skipuleggja berjaferðina með betri fyrirvara, finna stað í nágrenni hvar við megum tína ber.

Undirbúningur og flutningur leikskólans

Umsjón: allt starfsfólkið : að undirbúa/ pakka, Snorri/Helga

Hvað gekk vel: gekk allt mjög hratt/snögg

Hvað gekk illa: kaotískt, mikið álag, vantaði betra skipulag, ekki gottupplýsingaflæði.

Hvað má betur fara: betra skipulag og upplýsingaflæði – t.d. fleiri fundir með öllu starfsfólkinu, undirbúa starfsfólkið frá Marargötu betur áður þau flytja.

September

Foreldrarfundur

Umsjónamaður: skipulag – Héléne og Kerstin , Innlegg : Guðrún

Hvað gekk vel: mjög góður fundur - góð foreldraþáttaka og mikill áhugi í foreldrarstarfinu. Innlegg vöktu mikinn áhuga hjá foreldrum.

Hvað gekk illa: sumir foreldrar mæta aldrei og við náum ekki til þeirra.

Hvað má betur fara: finna nýja/ fleiri aðferðir til að vekja áhugann hjá foreldrum að mæta á fundi.

Heimsókn með eldri börnunum í Lífsleikni

Umsjónamaður: Kerstin, Héléne, Jóhanna

Hvað gekk vel: skipulagi, gott upplýsingarflæði til foreldrarnir, börnin voru mjög ánægð, góð samvinna við grunnskólann.

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: Að fara oftar og bjóða fleiri börnum að upplifa.

Mikjálsmessan

Umsjónamaður: Bjartaland: Guðrún, Sabine og Hlíf, **Stjörnuloft:** Héléne, Þóra, Emil, Kerstin

Hvað gekk vel: góð þáttaka í undirbúning (búa til stjörnuband fyrir hvert barn)

Hvað gekk illa: ekki nógu vel skipulagt að halda hátíð í sameiningu með grunnskólanum – skapaði meiri vinnu fyrir kokkinn.

Hvað má betur fara: skipuleggja hátíðina í betra samstarfi við grunnskólann, meira hátíðarlega skreytingu.

Föndurkvöldin fyrir jólabasarinn

Umsjónamaður: allt starfsfólkið (allir eru með sitt kvöld sem umsjónamaður)

Hvað gekk vel: skemmtilegt stemming

Hvað gekk illa: að finna hugmyndir fyrir föndurvinnu, starfsfólkið mjög þreytt eftir flutninginn og með allt.

Hvað má betur fara: skipuleggja.

Föndurdagur foreldrar/ börn

Umsjónamaður: allt starfsfólkið

Hvað gekk vel: mjög góð þátttöku

Hvað gekk illa: fáir starfsmenn mættu.

Hvað má betur fara: betra skipulag að deila ábyrgð milli starfsfólks - verkefni betur skipt milli starfsfólks – hafa „vinnustöðvar“ og deila foreldrum í vinnuhópa, hafa fleiri verkefni fyrir börnin, láta börnin taka meira þátt í undirbúningnum.

Jólabasar

Umsjónamaður: Foreldranir og starfsfólkið

Hvað gekk vel: góð stemming, góð mæting, nýja hugmyndin með barnakaffihúsið gekk vel , seldum vel

Hvað gekk illa: Verðskrá á kaffihúsið var ekki vel hugsuð í gegn, foreldrarstarfið svolítið kaotískt. (vantaði betri upplýsingar)

Hvað má betur fara: meira úrval af fallegum hlutir til sölu , byrja að safna hugmyndir og undirbúa fyrr, safna efni til að föndra,

Föndra luktir með krökkunum

Umsjónamaður: Guðrún (Bjartaland) , Héléne (Stjörnuloft)

Hvað gekk vel: gott timaskipulag og börnin mjög áhugasöm, Luktirnar heppnuðust vel, góðar sögustundir í tengslum við að byggja upp stemmingu.

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: %

Martinsmessa /Luktarganga

Umsjónamaður: Sabine - Kerstin

Hvað gekk vel: Öll börnin tóku þátt í luktargerðinni og voru stolt af eigin lukt. Gangan gekk vel og stemmingin var góð. Sögustund gekk vel.

Hvað gekk illa: Skiðuleggja betur hvert við göngum og hvernig við röðumst (sérstaklega starfsfólk), æfa betur söngva.

Hvað má betur fara: Hefðum getað byrjað fyrr á luktargerðinni og þar með gert það enn meira í rólegheitum. Gætum haft kakó fyrir börn og foreldra til að ýta enn meira undir stemminguna.

Föndur Jólagjafir/ Kort

Umsjónamaður: Þóra, Emil, Héléne, Amy og Kerstin

Hvað gekk vel: gleði í gerð. Krakkarnir réðu við verkefni – Jólakúlur, skreyta kerti, gera handaför á jólakort) , margir hugmyndir

Hvað gekk illa: Fundur fyrir undirbúningsvinnuna féll niður, mikil starfsmannaveikindi – aukið álag á starfsfólkið.

Hvað má betur fara: Skipuleggja jólaföndur strax í lok nóvember. (hver deild fyrir sig)

Aðventuhátið með foreldrum og börn

Umsjónamaður: Guðrún – Skreyta/ Búning Engill , Sabine/ Sævar – ná í greinar, Kerstin, Héléne- söngtextar, auglýsingar, email / tilkynningarnir, Guðrún, Kerstin, Emil, Þóra, Héléne, Sabine : gera deildina og aðventuspiralinn tilbúinn, undirbúa epli : Kerstin.

Hvað gekk vel: Spirallinn vel uppsettur, söngurinn fallegur, hátíðleg stemming.

Hvað gekk illa: undirbúningurinn á síðustu stundu.

Hvað má betur fara: byrja fyrr í undirbúningi, betri samvinna við skólahátið.

Jólaölög

Umsjónamaður: Kerstin, Hlíf

Hvað gekk vel: fjölbreytt af söngvum á fleiri tungumálum , mikið gleði í þátttöku.

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: bæta við enn fleiri söngvum á fleiri tungumálum.

Jólaskreyting:

Umsjónamaður: Stjörnuloft – Þóra, Emil, Héléne og Kerstin, Bjartaland: Sabine, Guðrún, Hlíf, Jóhanna.

Hvað gekk vel: byrjaði tímanlega, fallegt jóladagatal með sjálfgerðum, skreyttum piparkökum, bakstur.

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: baka oftar.

Hitta jólasvein í Þjóðminnjasafninu

Umsjónamaður: Kerstin , Héléne

Hvað gekk vel: skipulag (bókað tímalega, foreldrarþáttaka)

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: Væri gaman að fara nokkrum sinnum og taka fleiri börn með.

Jólaball

Umsjónamaður: Stjörnuloft : Héléne, Þóra, Emil, Kerstin, Bjartaland: Sabine, Guðrún, Hlíf,

Hvað gekk vel: góð stemming, mikið gleði, börnin tóku mjög ánægð þátt í undirbúningi, gekk vel að halda upp á litlu Jól í nýju húsnæði.

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: %

Janúar:

Almennt : Byrjum að safna hugmyndum fyrir garðinn/ vetrastarfið , starfsfólkið hugmyndaríkt, mikið frumkvæði.

Hvað gekk illa: Veikindi í starfsmannahaldi skapaði meira álag á starfsfólkið.

Hvað má fara betur : ?

Starfsmannhald:

Hvernig gekk : breytingar – 1 starfsmaður hætti , 2 nýir starfmenn byrjuðu.

Hvað gekk vel: vel – tókum tíma til að leiðbeina, starfsmenn byrjuðu með mikið gleði, áhuga og frumkvæði.

Hvað gekk illa:%

Hvað má betur fara: taka enn meiri tíma að fundast með þeim – dýpka leiðbeiningar.

Babúskuhátið/saga :

Umsjónamaður: Kerstin (keypti dót, sögustund)

Hvað gekk vel: Allt gekk upp á endanum, hátiðinni var frestað, sagan var sögð seinna og gjöfin (snjóþota) vakti mikið gleði.

Hvað gekk illa: Sögustundin féll niður því Kerstin var veik.

Hvað má betur fara: Það mundi hafa vera betra að hafa haft „back up“ og einhver annað mundi hafa sagt söguna. **Áætlun:** Kerstin kenni fleiri starfsmönnum söguna um Babúsku svo það séu til fleiri sem geta sagt hana. (gildi líka almennt fyrir hátíðarsögur)

Elstu börnin foru í heimsókn í 1. bekk

Umsjónamaður: Kerstin , Helena kennaranemi.

Hvað gekk vel: vel skipulagt, góð samvinna milli skólans og leikskólans, gott upplýsingaflæði og samvinna.

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: fara oftar, enn nánari samvinna við fyrsta bekkjar kennara t.d. í tengslum við að taka þátt í fleiri „söngferðum á elliheimilið“, hafa heimsóknir lengri , líka útiveran og kannski borða hádegismat saman.

Febrúar:

Foreldrarfund

Umsjónamaður: Kerstin/ Héléne : Form og undirbúningur, Kerstin- söngvar, Þóra: innlegg, Sabine : praktískar upplýsingar.

Hvað gekk vel: mjög góð stemming, áhugasamir foreldrar, góð þátttaka og skemmtilegar hugmyndir.

Hvað gekk illa: Mætti hafa verið enn betri mæting hjá foreldrum.

Hvað má betur fara:

Foreldrarviðtöl.

Umsjónamaður: Bjartaland : Sabine, Hlíf , Stjörnuloft: Héléne og Kerstin.

Hvað gekk vel: Starfsfólkið vel undirbúið. Áhugasamir foreldrar, góð þátttaka, öll foreldrarviðtöl bæta við traust og enn betri samvinnu milli starfsfólks og foreldra.

Hvað gekk illa: /

Hvað má betur fara: /

Þorrahátíð

Umsjónamaður: Héléne / Kerstin skipulag, Mads – innkaup, Þóra: Rugbrauð, Kerstin – baka flatköku, Emil, Helene – skreyta borðið, Kerstin – Búkolla brúðuleikhús

Hvað gekk vel: vel undirbúið , góð stemming, **tókst vel að gera nýja uppsetningu af hátíðarrými.**

Hvað gekk illa: baka flatköku á deild – of mikill reykur ☺

Hvað má betur fara: baka flatkökunar úti á lítilli hellu.

Föndur bolluvöndur:

Umsjónamaður: Helena kennaranemi.

Hvað gekk vel: hún var vel undirbúin, gott frumkvæði, góður strúktúr, góður timarammi.

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: %

Bolludagur/ búa til bollur

Umsjónamaður: Kerstin

Hvað gekk vel: gerðar voru 150 litlar bollur ☺ , allir fengu nógu margar bollur, góð stemming.

Hvað gekk illa: Það tók mjög langan tíma að gera bollurnar.

Hvað má betur fara: Á næsta ári ætlum við að biðja foreldra að senda börnin með eina bollu í leikskólann.

Sprengidagur

Umsjónamaður: Mads – Matur , Kerstin - Sögustund

Hvað gekk vel: mMjög góð sprengidagssúpa með soyapylsum. Brúðurleikhúsið um Gýpu heppnast vel.

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: aðeins betra skipulag milli skólans og leikskólans.

Öskudagur - Náttfataparty / Dúkkur / Bangsadagur

Umsjónamaður: foreldrar, Héléne – auglýsingin og email

Hvað gekk vel: góð stemming. Börn rosalega ánægð að mæta í náttfötum með leikföng með sér. Mjög góður hugmyndaríkur leikur með leikföngin, skemmtileg sögustund.

Hvað gekk illa: Sum börnin mættu samt í búning og eitt foreldri mjög óánægt með það.

Hvað má betur fara: Lýsa nákvæmar í email /auglýsing sem við biðjum börnin að mæta í náttfötum og ekki í búningum – því við erum með sér Grimuball, þar sem allir mæta í búningum.

Mars

Búa til búninga fyrir Grimuballið með krökkunum

Umsjónamaður: Stjörnuloft: Héléne, Þóra, Emil, Britta, Kerstin, **Bjartaland:** Sabine, Hlíf, Heidi

Hvað gekk vel: börnin voru mjög hugmyndarík að velja sér búning asem þau vildi búa til. starfsfólkið tók vel undir og bjó til frábæra einfalda búninga handa þeim , sumir foreldrarnir hjálpuðu líka að klára búningana.

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: %

Grimuball

Umsjónamaður: Allt starfsfólkið, foreldrarnir- skreyting, frágangur.

Hvað gekk vel: skreytingin hjá foreldrum var rosalega falleg og hugmyndarrík, góð foreldrarþátta. Dagskrá grimuballsins heppnaðist vel.

Hvað gekk illa: Frágangur smá kaótiskur.

Hvað má betur fara: Betra skipulagt á frágangi.

Páskaföndur

Umsjónamaður: Allt starfsfólkið á báðum deildum.

Hvað gekk vel: Við náðum að fönndra fallega hluti með krökkunum sem voru við hæfi við þeirra kunnáttu / hæfileika, fjölbreytt föndur, gleði í föndurvinnu og falleg útkoma.

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: Væri betra að byrja fyrr.

Páskamorgunmatur fyrir foreldra og börn

Umsjónamaður: allt starfsfólkið

Hvað gekk vel: góð þátttaka starfsfólks og foreldra, fallett hlaðborð og allir komu með eitthvað á borðið, skemmtileg páskastemming, allt heppnast mjög vel í nýja rýminu.

Hvað gekk illa: %

Hvað má betur fara: %

Maí / júní

Vinnudagur fyrir foreldrar og börn

Umsjónamaður: allt starfsfólkið – aðalega Gísli og Héléne með yfirsýn

Hvað gekk vel:

Hvað gekk illa:

Hvað má betur fara:

Sveitaferð Miðdal í Kjós

Umsjónamaður: Kerstin – Dagsskrárskipulag, Þóra /Emil / Héléne/Johanna/ Gísli/ Kerstin ábyrgð á börnunum í ferðinni. Mads/ Helga/ Kerstin – Innkaup á mat til að grilla.

Hvað gekk vel: Ferðin gekk mjög vel svo við tókum enn yngri börnin með en í fyrra. Allt var vel skipulagt, tókum mikið af starfsfólkið með okkur og hver starfsmaður var bara með fá börn = mikið gæði, ró.

Hvað gekk illa: Undirbúningur tengdur því að versla í matinn var ekki nógu vel skipulagður, misskilningur hver átti að versla hvað og verslað var frekar seint.

Hvað má betur fara: Betra samstarfið milli eldhúss / skólans og leikskólans í tengslum við skipulag innkaupa.

Hvítasunnuföndur / Hvítasunnuhátíð

Umsjónamaður: Stjörnuloft: Héléne, Þóra, Emil, Britta, Kerstin, **Bjartaland:** Sabine, Hlíf, Heidi

Hvað gekk vel: Fallegur föndur – börnin voru ánægð og léku sér vel með dúfunar sínar, fallegt skreytt hátíðarmatarborð , brúðuleikhúsið í sögustundinni gekk vel.

Hvað gekk illa: Byrjuðum svolítið seint að föndra hvítasunndúfunar.

Hvað má betur fara: byrja fyrr að föndra dúfunar.

Umræðupunktur fyrir starfsmannasamtal.

Trúnaðarsamtal

Starfsumhverfi:

Hvernig líður þér í vinnunni? – ertu ánægð/ur?

Hvernig er starfsandinn á deildinni / leikskólanum?

Færðu stuðning frá samstarfsfólki hvað varðar vinnuna?

Sýna starfsmenn umburðarlyndi gagnvart hver öðrum á deildinni / vinnustaðnum?

Er borin virðing fyrir þér sem starfsmanni?

Samskipti:

Hvernig eru samskiptin þín við aðra starfsmenn?

Hvernig upplifir þú samskiptin á milli starfsfólks á deildinni?

Hvernig eru samskiptin við börnin? Við foreldra?

Hvernig eru samskipti við stjórnendur (leikskólastj., aðst.leikskólastj., sérkennslustj., deildarstjóra)?

Verkefni:

Hvaða verkefni eru mikilvægust í þínu starfi?

Eru verkefnin á deildinni skilgreind og þeim deilt á starfsfólk?

Hvað í starfinu virkar hvetjandi / letjandi á þig?

Hvað hefur áhrif á það hvernig þér tekst til í starfi?

Persónuleg hæfni:

Hverjar telur þú vera þínar sterku og veiku hliðar í þessu starfi?

Hvernig nýtast þínir hæfileikar í starfinu? Hvað má betur fara?

Ertu sáttur við eigin frammistöðu í starfi?

Er mikið álag á þér í vinnunni?

Hvernig gengur þér að leysa vandamál í þínu starfi?

Höfum við rætt um allt sem skiptir máli í vinnunni á deildinni/í leikskólanum?

Annað sem þú vilt taka fram eða ræða???

Haustdagskrá 2018/ 2019

Fimmtudaginn 06.09. Foreldrafundur kl. 18. 00

Sept.: berjaferð

Föst., 28.09. Mikjálsmessa - uppskeruhátíð á leikskólanum.

Við bökum drekabrauð og eldum drekasúpu. Kartöfluupptaka, Mikjálssögustund og hauststemning.

Starfsdagur: 23.10. Leikskólinn loka þennan dag

Föndurkvöld fyrir jólamarkaðinn

- **10.09** Mánudagur kl. 18.00-20.00, Sóltún 6
- **17.09.** Mánudagur. kl. 18.00-20.00, Sóltún 6
- **02.10.** Þriðjudagur kl. 18.00-20.00, Sóltún 6
- **17.10.** Miðvikudagur kl.18.00- 20.00, Sóltún 6
- **26.10.** Fimmtudagur kl. 18.00-20.00, Sóltún 6
- **27.10.** Laugardagur kl. 10.00-15.00, Sóltún 6

Foreldrar og starfsfólk vinna saman fyrir jólamarkaðinn.

Laugardaginn 27. 10. eru börnin velkomin

*Laugardagur 03.11. : Jólamarkaður og kaffisala í Waldorfskólanum
Sólstöfum, Sóltúni 6.*

Mánudagur , 12.11.: Martinsmessa /Luktarganga :

Við bökum brauð til að bjóða vegfarendum, svo verður Martinssögustund. Leikskólinn lokar kl. 16.00.

Fimmtudagur, 06.12. Nikulásarhátíð.

Föst., 30.11 Kl. 9 - Aðventuhátíð / Advent Festival for parents and children

Fim., 20.12. Jólaball -Börnin skreyta jólatré, syngja svo og dansa í kringum það.

Jólafrí er frá 22.12.18 til 02.01.19,

Starfsdagur 2.01.19 , Leikskólinn byrja aftur 03.01.19

Janúar

- *Elstu börnin okkar fara í heimsókn í Waldorfskólann í Sóltún.*

Febrúar

- **07.02. Fimmtud. kl.18.00 Foreldrafundur**
- **11.02. - 22.02 Foreldraviðtöl**
- **08.02. Föstud. Þorrahátíð á leikskólanum.**
Á matseðlinum eru heimabakað rúgbrauð og flatkökur, skyr og söl.
Gaman ef börnin koma klædd í sauðalitunum þennan dag.
- **Febrúar : Opið hús - Waldorfskólinn Sólstafr, Sóltún 6**

Mars/ April

- **04.03. Bolludagur.**
- **05.03. Sprengidagur.**
- **06.03. Öskudagur/ „Náttfatapartý“ á leikskólanum.**
- **16.03.Laugard. 11-13 Grímuball, foreldrar og starfsfólk undirbúa saman.**
- **17.04. Miðvikud. Páskamorgunverður fyrir foreldra og börn.**
Ath. Leikskólinn lokar kl. 16 þennan dag.
- **Páskafrí 18.04.- 22.04. Leikskólinn opnar aftur þriðjud. 23.04.**
- **25.04. Fimmtud. Sumardagurinn fyrsti**

Maí

- **04.05. Laugard. Vinnudagur frá kl. 10-16**
Foreldrar og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan og utan dyra.
- **10.05 Fimmtud. Uppstigningardagur**
- **Sveitaferð í Miðdal í Kjós.**
Lagt af stað k.l. 9.30 og farið með rútu. Farið í fjöru og síðan grillað í Miðdal.
Komið heim um kl. 14.00. Mælt er til að ferðalangarnir séu sóttir snemma.
Yngstu börnin gera sér dagamun og fara í göngutúr og undirbúa sérstakan hádegismat.
(Dagsetning ákveðin síðar)
- **Sumarhátíð Sólstafa í Waldorfskólanum, Sóltún 6.**
Foreldrar, börn og starfsfólk skemmta sér saman. Hestaferðir, leikir, grill ofl.
- **07.06. Föstud. Hvítasunnuhátíð á leikskólanum.**
- **09.06.- 10.06. Hvítasunna**
- **17.06. Þjóðhátíðardagur**

Sumarfrí á leikskólanum er frá 01.07. til 08.08.

Leikskólinn opnar aftur þriðjud. 09.08.2016

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

Waldorfleiskólinn Sólstafir

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1	M	1	L	1	M	1	F Uppl. um skil á starfsáætlunum fer fyrir skóla- og fristundaráð, Fundur	1	L Fullveldisdagurinn	1	Þ Nýársdagur	1	F Dagur stærðfræðinnar	1	F	1	M	1	M Barnamenningarhátíð/Verka	1	L	1	M Skil á starfsáætlun
2	F	2	S	2	Þ Föndurkvöld	2	F	2	S	2	M Starfsdagur	2	L	2	L	2	Þ	2	F Barnamenningarhátíð	2	S Sjómannadagurinn	2	Þ
3	F	3	M Heimsókn Slökkviliðai 10.30	3	M	3	L Jólabasar	3	M	3	F	3	S	3	S	3	M	3	F Barnamenningarhátíð	3	M	3	M
4	L	4	Þ	4	F Fundur	4	S	4	Þ	4	F	4	M	4	M Bolludagur	4	F Fundur	4	L Barnamenningarhátíð	4	Þ	4	F
5	S	5	M	5	F	5	M	5	M	5	L	5	Þ	5	Þ Sprengidagur	5	F	5	S Barnamenningarhátíð	5	M	5	F
6	M Frídagur verslunarmanna	6	F Foreldrafundur 18.00	6	L	6	Þ	6	F St. Nikólasahátíð, Fundur	6	S Þrettándinn	6	M Dagur leikskólans	6	M Öskudagur	6	L	6	M	6	F	6	L
7	Þ Starfsdagur	7	F	7	S	7	M	7	F	7	M	7	F Foreldrarfundur 18.00	7	F Fundur	7	S	7	Þ	7	F Hvítasunnuhátíð	7	S
8	M	8	L Dagur læsis	8	M	8	F Baráttudagur gegn einelti	8	L	8	Þ	8	F Þorrahátíð	8	F	8	M	8	M	8	L	8	M
9	F Fundur	9	S	9	Þ	9	F	9	S	9	M	9	L	9	L	9	Þ	9	F Fundur	9	S Hvítasunnudagur	9	Þ
10	F	10	M Föndurkvöldið	10	M	10	L	10	M	10	F Fundur	10	S	10	S	10	M	10	F	10	M Annar í hvítasunnu	10	M
11	L	11	Þ	11	F	11	S	11	Þ	11	F	11	M	11	M	11	F	11	L	11	Þ	11	F
12	S	12	M Heimsókn í drekaleik	12	F	12	M Luktarhátíð	12	M	12	L	12	Þ	12	Þ	12	F	12	S	12	M	12	F
13	M	13	F	13	L	13	Þ	13	F	13	S	13	M	13	M	13	L	13	M Samráð leikskólastjóra	13	F Fundur	13	L
14	Þ	14	F	14	S	14	M	14	F	14	M	14	F	14	F	14	S Pálmásunnudagur	14	Þ	14	F	14	S
15	M	15	L	15	M	15	F	15	L	15	Þ	15	F	15	F	15	M	15	M	15	L	15	M
16	F	16	S Dagur íslenskrar náttúru	16	Þ	16	F Dagur íslenskrar tungu	16	S	16	M	16	L	16	L Grimuball	16	Þ	16	F ur	16	S	16	Þ
17	F	17	M Föndurkvöldið	17	M Föndurkvöld	17	L	17	M Samráð leikskólastjóra	17	F	17	S Konudagur	17	S	17	M Páskamorgunmatur	17	F	17	M Lýðveldisdagurinn	17	M
18	L	18	Þ	18	F	18	S	18	Þ	18	F	18	M	18	M	18	F Skírdagur	18	L	18	Þ Samráð leikskólastjóra	18	F
19	S	19	M	19	F	19	M Samráð leikskólastjóra	19	M	19	L	19	Þ	19	Þ	19	F Föstudagurinn langi	19	S	19	M	19	F
20	M Samráð leikskólastjóra	20	F Fundur	20	L	20	Þ Dagur mannréttinda barna	20	F Litlu Jól aðvent	20	S	20	M	20	M	20	L	20	M	20	F Leikskólastjórafundur	20	L
21	Þ	21	F	21	S	21	M	21	F	21	M Samráð leikskólastjóra	21	F Alþjóðardagur móðurmálsins	21	F Fundur	21	S Páskadagur	21	Þ	21	F	21	S
22	M Skólasetning	22	L	22	M Vetrarfrí	22	F Leikskólastjórafundur, Fun	22	L	22	Þ	22	F Fundur 21.2.	22	F	22	M Annar í páskum	22	M	22	L	22	M
23	F Leikskólastjórafundur, Fundur	23	S	23	Þ Starfsdagur með skólanum	23	F	23	S Þorláksmessa	23	M	23	L	23	L	23	Þ	23	F Fundur	23	S	23	Þ
24	F	24	M Samráð leikskólastjóra	24	M	24	L	24	M Aðfangadagur jóla	24	F Leikskólastjórafundur, Fundur	24	S	24	S	24	M	24	F	24	M	24	M
25	L	25	Þ	25	F Fundur	25	S	25	Þ Jóladagur	25	rð Bóndadagur	25	M Samráð leikskólasjóra	25	M Samráð leikskólastjóra	25	F Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25	L	25	Þ	25	F
26	S	26	M Evrópski tungumáladagurinn	26	F Námskeiðsdagur leikstjóra	26	M	26	M Annar í jólum	26	L	26	Þ	26	Þ	26	F Fundur	26	S	26	M	26	F
27	M	27	F Leikskólastjórafundur	27	L Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadagurinn	27	Þ	27	F	27	S	27	M	27	M	27	L	27	M	27	F Fundur	27	L
28	Þ	28	F Mikjálsmessan	28	S	28	M	28	F	28	M	28	F Leikskólastjórafundur	28	F Leikskólastjórafundur	28	S	28	Þ	28	F	28	S
29	M Berjaferð	29	L	29	M	29	F	29	L	29	Þ			29	F	29	M	29	M	29	L	29	M
30	F	30	S	30	Þ	30	F Aðventuhátíð	30	S	30	M			30	L	30	Þ Barnamenningarhátíð	30	F Uppstigningardagur	30	S	30	Þ
31	F			31	M			31	M Gamlársdagur	31	F Foreldrafundur			31	S			31	F			31	M

Starfsáætlun 2018-2019
Waldorfleikskólinn Sólstafr í Sóltni 6

Umsögn foreldraráðs

Ég, undirrituð, hef lesið yfir starfsáætlun komandi starfsárs fyrir Waldorfleikskólann Sólstafr í Sóltni 6.

Síðastliðið haust flutti leikskólinn úr húsnæði sínu á Grundarstíg yfir í nýtt og fallegt húsnæði í Sóltni þar sem Waldorfgrunnskólinn er einnig staðsettur. Aðlögun barnanna gekk vel á nýja staðnum og hefur starfsfólki gengið einstaklega vel við að þróa og skipuleggja starfið á þessum nýja stað.

Samstarf á milli starfsmanna leikskólans og foreldra hefur gengið vel, en tóku foreldrar sem dæmi þátt í flutningunum og einnig vinnudögum þar sem unnið var með leikskólalóðina. Eitt foreldrið byggði kofa fyrir börnin, tré voru gróðursett og ýmist fleira.

Þrátt fyrir þessar miklu breytingar sem staðið hafa yfir hefur tekist vel við að halda sterkum hrynjanda í gegnum daginn, vikurnar og árstíðirnar undanfarið ár líkt og einkennir Waldorfstefnuna. Nýja leikskólalóðin, sem er mun stærri en lóðin á Grundarstíg, býður upp á mikla möguleika í frjálsum leik barnanna og verður gaman að fylgjast með enn frekari þróun hennar.

Fyrir hönd foreldrafélagsins,
Fjóla María Bjarnadóttir
230985-3409

Reykjavík 24.06.2018
fmb-85@hotmail.com